


Útilýsing.

Þegar rætt er um útilýsingu er mikilvægt að gera sér grein fyrir mismunandi notkun hennar. Skipta má útilýsingu í nokkra flokka, svo sem;

- veglýsingu
- lýsingu á göngu-, hjóla- og reiðstíga
- lýsingu á iðnaðar- og athafnasvæði
- lýsingu í undirgöngum
- lýsingu á íþróttavelli
- lýsingu á byggingar og listaverk
- garðlýsingu
- og landslagslýsingu

Oft þegar rætt er um útilýsingu kemur upp umræða um ljósmengun og áhrif hennar á að við erum hætt að sjá stjörnurnar. Á mynd sem NASA gaf út og sýnir ljósmengun á jörðinni má sjá hversu útbreitt þetta er og ekki kemur á óvart að ríku þjóðirnar eru þar fremstar í flokki.



Þegar búið er í borgum eða bæjum er allskonar útilýsing óhjákvæmileg til að auka öryggi íbúa og þar af leiðandi getur reynt erfitt að sjá stjörnurnar á heiðskíru kvöldi nema að bregða sér dágóðan spöl úr því umhverfi.

Veglýsing er hluti af okkar umhverfi sem við tökum lítið eftir nema þegar vantar perur í ljósastaura, þegar ljósastaur eða útilampinn hjá nágroannanum lýsir beint inn í svefnherbergisgluggann, þegar skrifað er um lýsingu Reykjanesbrautar og hvort eigi að lýsa upp leiðina á milli Reykjavíkur og Selfoss. Vegagerðin sér um lýsingu þjóðvega í þéttbýli og bæjar- og sveitarfélög um aðra lýsingu í þéttbýli. Flest bæjar- og sveitarfélög hafa staðið sig vel við lýsingu gatna en þó má alltaf gera betur og þá sérstaklega í miðbæjarkjörnum og þar sem fólk safnast saman að kvöldlagi.

Ekki má eingöngu einblína á mikla birtu heldur þarf einnig að huga að litarsamsetningu hennar og útliti og frágangi ljósgjafa til að skapa smekklegt umhverfi.

Flestar rannsóknir benda til þess að fækka megi slysum um 30% með veglýsingu í dreifbýli en þessar rannsóknir eru allar gerðar þar sem umferðarþungi er talsvert meiri en hér á landi. Ekki má þó eingöngu miða við umferðarþunga því ef það væri gert og eingöngu farið eftir stöðlum um veglýsingu hefðu hvorki Reykjanesbrautin eða Hvalfjarðargöngin verið lýst upp.


Þegar iðnaðar- og athafnasvæði hafa verið lýst upp hefur stundum borið á því að notaðir hafa verið kastarar sem valda mikilli glýju vegna þess að þeim er beint á þann stað sem verið er að lýsa. Á síðari árum hafa þó meira verið notaðir kastarar sem lýsa ósamhverft (“assymmetrical”) þannig að lampinn snýr niður og spegill lampans er látinn kasta geislanum í þá átt sem hann á að lýsa án þess að valda mikilli glýju.



Á síðari árum hefur Vegagerðin gert átak í lýsingu undirganga á Stór Reykjavíkursvæðinu. Við hönnun nýrra undirganga undir erfiðar umferðargötur, s.s. Reykjanesbraut, Kringlumýrabraut, Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Miklubraut hefur verið haft að leiðarljósi að auka lýsingu þannig að hún líktist innanhúslýsingu til að auka öryggistilfinningu gangandi vegfarenda. Helsta vandamál undirgangelýsingar hafa verið skemmdarverk óprúttinna vegfarenda sem erfitt er að útskýra með öðru en skemmdarfýsn og eru sum svæði erfiðari en önnur í viðhaldi.

Á seinni árum hefur færst í vöxt að lýsa upp byggingar og listaverk á metnaðarfullan hátt og mætti gera talsvert meira af því. Hér áður fyrr var slíkri lýsingu komið fyrir án þess að huga að hvaða áhrif hún hefði önnur en að “lýsa upp”. Nú er komið mikið úrval af lömpum og perum sem gefa lýsingarhönnuðum mikla möguleika á að beita lýsingunni á svipaðan hátt og gert er í leikhúsi þannig að bygging og listaverk njóti sín eftir að skyggja tekur. Hafa ber þó í huga að ávalt ætti að hanna slíka lýsingu í samráði við viðkomandi arkitekta og listamenn ef nokkur kostur er til að þeirra sýn á verkið komi fram eins og til er ætlast.





Lýsing í görðum er ákveðið vandamál á Íslandi vegna þess að þegar gróður er í fullum skrúða er dagsbirta allan sólarhringinn og þegar skyggja tekur hefur gróðurinn annað hvort horfið eða tréinn hafa fellt lauf þannig að lýsingin missir að mestu leyti marks. Þó má lýsa upp stór tré í görðum sem geta verið falleg þó enginn lauf séu á þeim. Sú garðlýsing sem við þekkjum best tengist yfirleitt jólum með öllum þeim jólaseríum sem settar eru upp og veita birtu í mesta skammdeginu.



Lýsing á landslagi eða náttúruyfyrirbærum hefur ekki verið notað mikið hér á landi. Þó eru þess dæmi í Keflavík þar sem klettur við sjávarsíðuna eru upplýstir á fallegan hátt.



Gísli Holgersson

Einnig hafa bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum staðið fyrir tilraunum með lýsingu á Heimaklett og væri það skemmtilegt framtak bæjarfélagsins ef sú lýsing verður að veruleika og til þess fallinn að auka vellíðan eyjarskeggja í skammdeginu.

Hér hefur verið stiklað á stóru um útlýsingu en full ástæða er til síðar að gefa hverjum flokki útlýsingar betri skil með dæmum og myndum.

Guðjón L. Sigurðsson,
rafmagnsiðnfræðingur á verkfræðistofunni Rafteikningu hf.